

Vinnureglur

milli tilvísandi lækna og Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI)

Tilvísun í þverfaglega endurhæfingu á HNLFI:

Markmið

Vinnureglum þessum er ætlað að tryggja samræmt verkferli og skilvirkara vinnufyrirkomulag við skráningar á tilvísun og úrvinnslu þeirra.

Ábyrgð tilvísana

Tilvísun um skilgreinda meðferð er gerð af tilvísandi lækni.

Ábendingar og skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu

HNLFI tekur aðeins þá tryggðu einstaklinga í meðferð sem hafa tilvísun/beiðni frá lækni um skilgreinda meðferð á HNLFI. Skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu á HNLFI er í fylgiskjali I. Helstu meðferðarhópar koma fyrir í fylgiskjali II.

Upplýsingar í tilvísun

Í tilvísun skal koma fram hvort sjúklingur þurfi þverfaglega endurhæfingu I (þunga endurhæfingu) eða þverfaglega endurhæfingu II (meðalþunga endurhæfingu). Ef vafi leikur á hvort meðferðin (þverfagleg endurhæfing I eða II) henti einstaklingnum má t.d. fá úr því skorið með skoðun og mati fagfólks HNLFI.

Tilvísun um þverfaglega endurhæfingu er að finna á heimasíðu HNLFI, sbr. fylgiskjal III.

Úrvinnsla tilvísana

Allar tilvísanir sem berast HNLFI eru metnar af þverfaglegu innlagnarteymi stofnunarinnar á innlagnarfundi sem fram fer vikulega. Teymið forgangsraðar beiðnum og metur faglega út frá sjúkdómsástandi og einkennum sjúklings hvaða endurhæfingarmeðferð hentar sjúklingi. Aflað er viðbótarupplýsinga frá læknum eða einstaklingnum sjálfum eftir þörfum.

Beiðnum sem berast er skipt upp í þrjá flokka:

1. **Beiðni samþykkt:** Sé beiðni samþykkt er viðkomandi sent upplýsingarblað og hann beðinn að fylla út valblað þar sem fram komi óskir um tímasetningu og herbergjategund. Blað þetta má fylla út í gegnum netið eða senda með pósti.

2. **Forgangur:** Í ákveðnum tilfellum er valið að setja einstakling í forgang. Þá er strax haft samband við viðkomandi og fundinn hentugur dvalartími við fyrsta tækifæri. Eftirfarandi einstaklingar eru í forgangi:
- Einstaklingar sem eru við það að fara út af vinnumarkaði sökum farniskerðingar og heilsubreysts.
 - Einstaklingar sem þurfa endurhæfingu strax í kjölfar sjúkrahúsvistar.
 - Einstaklingar sem að mati tilvísandi lækni metur að þurfi að fara í forgang.
3. **Skoðun og mat:** Ef upplýsingar í innlagnarbeiðni eru ekki nægilegar til að hægt sé að meta meðferðarþörf skal afla frekari upplýsinga, ýmist frá innlagnarlækni, sjúkrahúsi þar sem fyrri dvöl fór fram eða félagsþjónustu sem hefur með viðkomandi einstakling að gera. Heimilt er einnig að boða einstakling í skoðun og mat hjá fagfólki HNLFÍ.

Biðtími eftir innlagn fer eftir:

1. Hvenær innlagnarbeiðni meðferðarlækni er móttækin.
2. Forgangsröðun. Forgangur/ekki forgangur.
3. Tegund endurhæfingar.
4. Herbergistegund sem valin er.

Vinnureglur þessar eru hluti af samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og Náttúrulækningafélags Íslands vegna Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands, dags. 28. desember 2011, um þverfaglega endurhæfingu fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum um sjúkratryggingar 112/2008 og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Skilmerki í þverfaglega endurhæfingu I:

1. Skjólstæðingur hefur færni og heilsuþrengingur sem þarfnast:
 - þungrar endurhæfingar í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna ýmissa sjúkdóma.
 - einstaklingsmeðferðar í a.m.k. 2 klst. á dag. Heimilt er að allt að helmingur þessa tíma sé í einstaklingsmiðaðri hópmeðferð þar sem tveggja tíma hópmeðferð er ígildi klukkutíma einstaklingsmeðferðar.
 - sérfræðipjónustu endurhæfingarlæknis eða læknis með reynslu í endurhæfingu
 - endurhæfingarráðgjafar allan sólarhringinn.
 - meðferð fjölfaglegs teymis endurhæfingarfólks s.s. lækni, sjúkrahjálfa, næringarfræðings/ ráðgjafa, hjúkrunarfræðings, heilsuþjálfara, sjúkrannsóknara og sálfræðinga.
2. Ástand skjólstæðings telst nægilega stöðugt, þrátt fyrir ýmsa fylgikvilla, svo að:
 - hægt sé að sinna skjólstæðingi með öruggum hætti á endurhæfingardeild.
 - skjólstæðingi sé talið fært að taka þátt í endurhæfingu samhliða annarri meðferð.
3. Skjólstæðingur er talinn fær um þátttöku.
4. Fyrir liggja skýr markmið sem:
 - eru raunhæf.
 - geta leitt til markverðar aukningar á færni til sjálfsbjargar.
 - teljast framkvæmanleg innan raunhæfra tímamarka.
5. Góðar líkur eru taldar á að skjólstæðingur hafi gagn af meðferðinni.

Skilmerki í þverfaglega endurhæfingu II:

1. Skjólstæðingur hefur færni og heilsuþrengingur sem þarfnast:
 - meðalþungrar endurhæfingar og þjálfunar í hóptímum í kjölfar sjúkrahúsvistar og/eða vegna ýmissa sjúkdóma.
 - einstaklingsmiðaðrar meðferðar og/eða hópmeðferðar.
 - meðferð fjölfaglegs teymis endurhæfingarfólks s.s. læknis, sjúkrahjálfa, næringarfræðings/ ráðgjafa, hjúkrunarfræðings, heilsuþjálfara, sjúkrannsóknara og sálfræðinga.
2. Ástand skjólstæðings telst nægilega stöðugt, þrátt fyrir ýmsa fylgikvilla, svo að:
 - hægt sé að sinna skjólstæðingi með öruggum hætti á endurhæfingardeild.
 - skjólstæðingi sé talið fært að taka þátt í endurhæfingu samhliða annarri meðferð.
3. Skjólstæðingur er talinn fær um þátttöku.
4. Fyrir liggja skýr markmið sem:
 - eru raunhæf.
 - geta leitt til markverðar aukningar á færni til sjálfsbjargar.
 - teljast framkvæmanleg innan raunhæfra tímamarka.
5. Góðar líkur eru taldar á að skjólstæðingur hafi gagn af meðferðinni.

Helstu meðferðahópar í þverfaglegri endurhæfingu I:

- **Endurhæfing eftir krabbameinsmeðferð**

Skjólstæðingar: Einstaklingar sem eru í krabbameinsmeðferð eða hafa nýlokið krabbameinsmeðferð og uppfylla skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu I.

Tímabil meðferðar: Hámark 4 vikur.

Umsjón meðferðar: Heilsueflingarteymi HNLFI.

Tívisunaraðili: Endurhæfingarteymi eða læknum krabbameinsdeildar LSH. Auk þess Heilsugæslan, sérfræðilæknar og aðrar sjúkrafstofnanir.

Ábendingar: Fyrir einstaklinga sem luku meðferð fyrir <12 mánuðum eða eru milli meðferða og þörf er á að byggja upp þrek fyrir næstu meðferðarlotu m.a. vegna:

- Brjóstakrabbameins.
- Blöðruhálskirtilskrabbameins.
- Ristil-, smáþarma og endaparmskrabbamein.
- Maga, bris og lifrakrabbamein og önnur krabbamein.

- **Endurhæfing einstaklinga með geðræna sjúkdóma**

Skjólstæðingar: Einstaklingar með alvarlega langvinna geðræna sjúkdóma og uppfylla skilmerki fyrir þverfaglegri endurhæfingu I.

Tímabil meðferðar: Hámark 4 vikur.

Umsjón meðferðar: Stuðningsteymi HNLFI.

Tívisunaraðili: Sérfræðingar Geðdeildar LSH. Auk þess Heilsugæslan, sérfræðilæknar og aðrar sjúkrafstofnanir.

Ábendingar: Fyrir einstaklinga sem eru t.d. alvarlega langvinna geðræna sjúkdóma m.a. vegna:

- Þunglyndis
- Kvíða
- Langvarandi streitu
- Nýlegra áfalla
- Langvarandi áfallastreituröskunar

Meðferðarhópar í þverfaglegri endurhæfingu II:

Skjólstæðingar: Einstaklingar sem hafa beiðni frá lækni um skilgreinda meðferð á HNLFI og uppfylla skilmerki um þverfaglega endurhæfingu II.

Tímabil meðferðar: Hámark 6 vikur.

Tívisunaraðili: Heilsugæslulæknar, sérfræðilæknar og læknar á sjúkrafstofnunum.

Ábendingar: Einstaklingar sem þarfnast meðalþungrar endurhæfingar og þjálfunar í hóptímum í kjölfar færniskerðingar og/eða heilsubrests eða þar sem verulegir áhættuþættir eru til staðar.



Tilvísun í þverfaglega endurhæfingu

Þverfagleg endurhæfing I <input type="checkbox"/>
Þverfagleg endurhæfing II <input type="checkbox"/>

Forgangsröðun: Einstaklingur sem þurfa endurhæfingu strax eftir sjúkrahúsvist <input type="checkbox"/> Einstaklingur sem er við það að fara út af vinnumarkaði sökum færniskerðingar eða heilsubreysts <input type="checkbox"/> Einstaklingur sem að mati tilvísunarlæknis þarf að fara í forgang <input type="checkbox"/> Rökstuðningur læknis:		
1. Nafn	2. Kennitala	
3. Heimilisfang	4. Póstnúmer	5. Staður
6. Heimasími/ GSM / vinnusími	7. Netfang	

8. Sjúkdómsgreining:	ICD 10
Sjúkdómsgreining:	ICD 10
Sjúkdómsgreining:	ICD 10
9. Nánar, um sjúkdómsástand:	
10. Markmið endurhæfingar:	

11. Lyf:	12. Hreyfigeta: <input type="checkbox"/> Óhindruð <input type="checkbox"/> Hjólastóll <input type="checkbox"/> Notar hjálpartæki/þarfnast aðstoðar <input type="checkbox"/> Annað: Sjálfsbjarggeta: <input type="checkbox"/> Sjálfbjarga <input type="checkbox"/> þarf aðstoð Vitsmunageta: <input type="checkbox"/> Óskert <input type="checkbox"/> Nokkuð skert <input type="checkbox"/> Veit ekki
----------	--

Áhættumat: Byltur <input type="checkbox"/>
Sjálfsvígshætta <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> útskýrið:

Læknabréf skal fylgja umsókn

Útgefandi beiðnar, nafn læknis	Læknanúmer
Stofnun	Dagsetning